

Læsteymi 2.1.2023

Mættir: Ásdís, Mæja, Nanna og Sunna

- Komandi læsisátak rætt. Nemendur lesa í x margar mínútur og fá greitt í „peningum“ frá umsjónarkennurum.
- Verðlaunabanki verður settur upp á bókasafni þar sem nemendur geta farið og „keypt“ sér ýmislegt fyrir þann pening sem þau eru búin að vinna sér inn með lestrinum.
 - o T.d. verður hægt að kaupa sér föndur, spilatíma, lpad tíma og fleira með peningunum.
 - o Kennarar halda ákveðnum verðlaunum hjá sér.
- Ræddum að ein króna fæst fyrir hverja lesna mínútu en verðlaun kosta mismikið, t.d. kostar að fá að sofa út í fyrsta tíma hjá eldri nemendum mikinn pening miðað við að fá gogg eða annað til að föndra á bókasafni.
- Hugmyndir að verðlaunum/vörum settar upp og ákveðið hvað hver og ein vara ætti að kosta.
- Nemendur skrá lesnar mínútur í heimalestri en geta einnig lesið í skólanum. Kennarar fara yfir lesnar mínútur daglega og greiða út.
- Ræddum að hefja átakið þann 16. janúar og að það muni standa yfir í þrjár vikur.

- Fyrir átakið verðum við að:
 - o Búa til peninga -
 - o Búa til kynningu, bæði fyrir foreldra og samstarfsfólk -
 - o Búa verðlaunin/passana til og plasta
 - o Búa til gjaldskrá í stofurnar

- Ákveðið að hittast á föstudaginn 6. janúar kl. 13:30 til að skipta með okkur verkum og ákveða næstu skref.

Hugmyndir að vörum og gjaldskrá:

Kostnaður	Vara í boði	
30	Föndur – Bókasafn Goggar, skraut á blýanta, bókamerki,	Á bókasafni
50	Fuglafit	Á bókasafni
50	Plöstuð bókamerki	Á bókasafni
100	Grímur	Á bókasafni
150	Útitími frjáls – 20 mín	Á bókasafni en verður að leysa út í samráði við kennara
150	Tölvutími/lpad – 20 mín	Á bókasafni en verður að leysa út í samráði við kennara
200	Spilatími – 30 mín	Á bókasafni en verður að leysa út í samráði við kennara
300	Sofa út 1 tími – 6.-10. Bekkur (má max 1x í viku)	Á bókasafni en verður að leysa út í samráði við kennara
400	Útitími m. Ásdísi – 6.-10. bekkur	Á bókasafni en verður að leysa út í samráði við kennara